

NÝSKÖPUNARFJÁRFESTING ÞARF AÐ AUKAST TIL MUNA

Það er vel raunhæft að íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi og tengdum greinum, sem við köllum einu nafni „sjávarklasi“, geti aukið veltu sína um allt að tvö hundruð og fimmtíu milljarða á næstu tíu árum. Til þess þurfa þó fjárfestingar í nýsköpun að aukast umtalsvert. Í nýlegri skýrslu frá Nordic Innovation kemur fram að nýsköpunarfjárfesting þurfi að aukast um 30 milljarða á ári svo að Ísland sé samanburðarhæft við Norður-Ameríku. Augljósasta leiðin til þess að auka nýsköpun í sjávarklasanum er að bjóða sjávarútvegsfyrirtækjum að greiða umtalsvert lægra veiðileyfagjald ef þau fjárfesta í nýsköpun og tækni.

Íslendingum hefur ekki lánast að móta nægilega skýra stefnu í atvinnumálum sem snerta hafið. Kannski er það vegna þess að hafið er alltumlykjandi og við sjáum hreinlega ekki skóginn fyrir trjánum. Kannski er það vegna þess að umræðan um fiskveiðistjórnun hefur verið í algleymingi um árabíl. Stefnumótun hefst á því að kortleggja þau tækifæri sem til staðar eru.

Svona gæti listinn yfir tækifærin litið út:

1. Fiskimjöli verði í auknum mæli breytt í fæðubótarefni

Frekari úrvinnsla fiskimjöls til manneldis, sem fæðubótarefni eða lyf, getur aukið útflutningsverðmæti verulega. Stefna ber að því að auka verðmæti þessara afurða um allt að helming á næstu tíu árum. Það þýðir með öðrum orðum að miðað við óbreytt magn þá geti útflutningsverðmæti lýsis- og mjöls numið um 45 milljörðum króna árið 2023.

2. Lífvirk efni hafsins

Fyrir 25 árum ritaði dr. Jón Bragi Bjarnason grein í Morgunblaðið um tækifæri til að auka verðmæti sjávarfangs. Spár dr. Jóns Braga hafa í meginatriðum ræst. Sjávarfang er nýtt mun meira héraendis en mörg tækifæri eru enn ónýtt. Ef fjármögnun til rannsókna og nýsköpunar eykst má hæglega gera ráð fyrir að þessi atvinnugrein búi til

verðmæti sem nemi um 30-40 milljörðum króna árið 2023.

3. Slógi breytt í verðmæti

Með sama hætti þarf að auka fjárfestingar og þróun í tengslum við nýtingu þess slógs sem er hent, en hægt er framleiða bæði mjöl og lýsi úr afgangsslóg. Ef háþrúð slógvinnsla er efld er vel mögulegt að þessi framleiðsla geti velt um 20 milljörðum króna árið 2023.

4. Aukin tæknivæðing

Miðað við þann vöxt sem hefur verið í tæknifyrirtækjum sem tengjast hafinu héraendis má gera ráð fyrir að þessi atvinnugrein geti aflað tekna árið 2023 sem nemi um 130 milljörðum króna. Til þess þurfa þessi fyrirtæki að auka samvinnu. Einn vísir af því er samstarf tæknifyrirtækja í sjávarklasanum undir yfirskriftinni „Green Marine Technology“. Lykillinn að árangri tæknifyrirtækjanna hvílir á umtalsverðum fjárfestingum í þróunarstarfi, aukinni samvinnu og samruna.

8 leiðir til þess að auka verðmæti í sjávarklasnum



5. Ísland sem þjónustuhöfn á Norður-Atlantshafi

Hingað til lands koma um 2500-3000 skip á ári. Miðað við aukningu skipakoma hingað til lands undanfarin ár má gera ráð fyrir að skipakomur hafi tvöfaldast árið 2023. Íslendingum hefur ekki lánast að selja þessum skipum umtalsverða þjónustu þótt undantekningar séu á því. Sala til og þjónusta við erlend skip getur numið 10-15 milljörðum króna árið 2023 en til þess þarf umtalsverða fjárfestingu í aðstöðu og markaðsstarfi.

6. Alþjóðleg ráðgjöf

Íslensk fyrirtæki veita mun fjölbreyttari þjónustu við erlendan sjávarútveg en flesta grunar; fjármálaþjónusta, þjónusta íslenskra iðnaðarmanna erlendis, hagfræðiráðgjöf, ráðgjöf fiskifræðinga, eftirlit á hafsvæðum o.fl. Tekjur fyrirtækja í þessari starfsemi námu um 1,5 milljarði árið 2011. Verði 10% aukning á þessu sviði á ári til ársins 2023, sem er sama aukning og Norðmenn gera ráð fyrir hjá sér, má gera ráð fyrir að þessi starfsemi velti um 4 milljörðum.

7. Fiskeldi eft

Sveiflur hafa verið miklar í íslensku fiskeldi en um þessar mundir eru fjárfestingar í greininni umtalsverðar. Miðað við nýfjárfestingar á þessu ári og áætlanir næstu missera er ekki óeðlilegt að áætla heildarútflytninguverðmæti í greininni nemi 30-40 milljörðum árið 2023.

8. Fjárfest í sjávarútvegi

Dregið hefur mikið úr fjárfestingum í sjávarútvegi síðustu ár. Það þýðir með öðrum orðum að verðmætasköpun verður minni þegar til lengdar lætur. Ástæða minni fjárfestinga áttu sér eðlilegar skýringar hér áður þar sem hagræðing varð með með breyttri fiskveiðistjórnun. Á síðustu árum hefur fjárfesting í skipum, vélum og fasteignum í greininni verið lítil sem engin. Þegar svo er komið eiga viðvörunarbjöllur að hringja. Skattlagning og regluumhverfi ræður mestu um hversu mikil verðmætasköpun verður í sjávarútvegnum á næstu árum. Ef skattlagning verður hófleg og rekstrarumhverfi gott má gera ráð fyrir 3% vexti í sjávarútvegi á ári og að sjávarútvegurinn velti 400 milljörðum árið 2023.

Þessi tilraun til að meta þróun í verðmæta- aukningu í íslenska sjávarklasnum byggir á einni grundvallarforsendu; fjárfestingar í nýsköpun og þróun þurfa að verða umtalsvert meiri en þær eru um þessar mundir. Í fyrsta lagi þurfa fjárfestingar í grunnatvinnuveginum að aukast, þ.e. í skipakosti og tækni tengdum veiðum og vinnslu. Í öðru lagi er þörf á umtalsverðu áhættufjármagni í ýmsan iðnað sem hefur mesta vaxtarmöguleika eins og líftækni, fullvinnslu, tækniþróun o.fl. Í þeirri nauðsynlegu einföldun og breytingum á veiðileyfagjaldinu sem þarf að koma til á næstunni er ástæða til að skoða hvort útfæra má gjaldið á þann veg að sjávarútvegsfyrirtækjum, sem stunda umtalsverða nýsköpun og fjárfestingar í tækni, sé umbunað með lækkun veiðigjalda á mótí. Þetta væri lang klókasta leiðin til að auka áhættufé í sjávarklasnum og stuðla að frekari verðmætasköpun í honum.

Í þessum áætlunum, sem hér er kynntar, er gert ráð fyrir að verðmætasköpun í sjávarklasnum geti aukist um allt að 250 milljarða á næstu tíu árum. Líklegt er að fjárfestingar í nýsköpun og tækni í sjávarklasnum þyrftu að nema um 8-10% af tekjum til þess að þau markmið náist sem hér eru kynnt. Að auki væru fjárfestingar í nýjum greinum eins og líftækni þar sem fjárfestingar væru fyrst um sinn mun meiri en tekjur. Það þýðir með öðrum orðum að fjárfestingar í sjávarklasnum þyrftu að vera 20-30 milljarðar á ári á næstu árum.

Atvinnustefna fyrir haftengda starfsemi á Íslandi á að leggja áherslu á að auka áhættufé í greininni og halda sem mestu fé innan hennar. Þannig stækkar sú kaka sem er til ráðstöfunar. Í kjölfarið má síðan leggja skynsamlega og sanngjarna skatta á alla greinina og fá mun meira skattfé heldur en stefnt er að fáist með núverandi veiðigjöldum.

Nánari upplýsingar veita höfundar, Þór Sigfússon og Haukur Már Gestsson í síma 577 6200.

Um Íslenska sjávarklasann

Íslenski sjávarklasinn hóf tilveru sína sem rannsóknarverkefni við viðskiptadeild Háskóla Íslands vorið 2010. Markmið Íslenska sjávarklasans er að auka verðmæti þeirra fyrirtækja sem starfa í klasanum. Samstarfsaðilar eru leiðandi fyrirtæki innan sjávarklasans en með styrkingu tengslaneta stuðlar Íslenski sjávarklasinn að því að auka tækifæri til samstarfs og nýsköpunar. Á hverri stundu vinnur teymi Sjávarklasans að margvíslegum verkefnum á grundvelli klasahugmyndafræði, en meðal helstu verkefna árið 2012 eru stofnun fullvinnsluklasa á Reykjanesi, sameiginleg markaðssetning tæknifyrirtækja og aukning þjónustu við erlend skip á Íslandi.